

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 209/2024

2024/EES/92/28

frá 23. september 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/996 frá 3. apríl 2024 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 að því er varðar notkun á A-vítamíni, alfaarbútíni og arbútíni og tilteknum efnum með hugsanlega innkirtlatruflandi eiginleika í snyrtivörur⁽¹⁾.
- II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMBYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009) í XVI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32024 R 0996**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/996 frá 3. apríl 2024 (Stjtid. ESB L, 2024/996, 4.4.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2024/996, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(¹) Stjtid. ESB L, 2024/996, 4.4.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/996/oj>

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.